

Kynning og vörn lokaverkefnis

Lengd og fyrirkomulag

Kynning og vörn er um það bil **15 mínútur** í heildina og skiptist þannig:

- **7 mínútur** — kynning með glærum
- **8 mínútur** — spurningar og vörn

Glæsur

Nemandi útbýr glæsur til að styðja við kynningu sína. Glæsurnar eiga að vera skýrar og vel skipulagðar og fylgja þessari uppbyggingu:

- **Titilglæra** — titill verkefnis, nafn nemanda/nemenda og dagsetning
- **Rannsóknarspurning og tilgáta** — hvað var skoðað og hverjar voru forsendurnar?
- **Hvað kom fram í meginmáli**
Þrjár glæsur – ein fyrir hvern meginmálskafla
- **Lokaorð, samantekt og ályktun ykkar** — þýðing niðurstaðnanna og hvað væri áhugavert aðskoða í framhaldinu.
- **Heimildaskrá** — skráð samkvæmt APA-staðlinum.

Glæsurnar eiga að vera í **stuðningshlutverki** — ekki lesa beint af þeim heldur nota þær sem leiðarljós í kynningu. Forðast skal of mikinn texta á hverri glæsu.

Undirbúningur fyrir spurningar og vörn

Nemandi á að **vera vel kunnugur efni** verkefnisins og tilbúinn að svara spurningum. Spurningar geta m.a. beinst að:

- Efni og niðurstöðum verkefnisins
- **Heimildavinnu** — hvers vegna voru þessar heimildir valdar, hvernig var áreiðanleiki þeirra metinn og hvernig var APA-skráningu háttað.
- Takmörkunum verkefnisins
- Tengingu við braut og nám nemandans

Til að undirbúa sig getur nemandinn m.a. hugsað sér:

- Hvers vegna valdi ég þetta efni?
- Hvernig fann ég heimildir mínar og hvernig mat ég gæði þeirra?
- Af hverju eru þessar heimildir nýttar – þið þurfið að standa klár á þeim og vita hvað í þeim stendur. Þið verðið spurð út úr einhverri heimildinni ykkar.
- Hvað myndi ég gera öðruvísi ef ég ætti að vinna þetta aftur?

Hlutverk rýninemenda

Tveir nemendur eru tilnefndir til að **rýna verkefnið** áður en kynning fer fram. Þeir lesa lokaverkefnið og koma með að minnsta kosti **tvær til þrjár ígrundaðar spurningar** eða athugasemdir að lokinni kynningu.

Spurningarnar geta beinst að efni verkefnisins, niðurstöðum, aðferðum eða heimildavinnu —
en ekki að málfari eða framsetningu.